

Íþróttta- og tómstundaráð Reykjavíkur



Rekstraruppgjör 2003

Reykjavík, 15 mars 2004



Efnisyfirlit

SAMANTEKT	3
REKSTUR ÍTR 2003.....	4
FLUTNINGUR FJÁRMAGNS MILLI ÁRA.....	4
UPPGJÖR SÖLUSTARFSEMI	5
SUNDURLIÐUN REKSTRAR Á KOSTNAÐARSTAÐI	6
ÁHALDAKAUP	8
SKÝRINGAR Á FRÁVIKUM	8
YFIRSTJÓRN	8
SKRIFSTOFA (I2000).....	8
KYNNINGARMÁL (I2010).....	8
ATVINNUMÁL SKÓLAFÓLKIS (I2050-I2051).....	8
ÆSKULÝÐS OG TÓMSTUNDAMÁL	9
BORGARHLUTI 1 – VESTURBÆR (I3050, I3052, I3053).....	9
BORGARHLUTI 2 – AUSTURBÆR (I3020, I3022, I3023)	9
BORGARHLUTI 3 – BREIÐHOLT (I3010, I3012, I3013)	9
BORGARHLUTI 3 – ÁRSEL (I3040, I3042, I3043)	9
BORGARHLUTI 4 – GUFUNESBÆR (I3090, I3092, I3093)	10
HITT HÚSIÐ (I4000; I4005, I4006).....	10
ÍÐRÓTTAMÁL.....	10
LAUGARDALSLAUG (I5000).....	10
VESTURBÆJARLAUG (I5010)	11
SUNDHÖLL (I5020).....	11
BREIÐHOLTSLAUG (I5030)	11
ÁRBÆJARLAUG (I5040)	12
ÍÐRÓTTAHÚSIÐ Í AUSTURBERGI (I5031).....	12
GRAFARVOGSLAUG (I5050)	12
ÍÐRÓTTAHÚSIÐ Í GRAFARVOGI (I5051).....	13
ÍÐRÓTTAMÍÐSTÖÐIN KLÉBERGI (I5060).....	13
YLSTRÖND Í NAUTHÓLSVÍK (I5080).....	13
LAUGARDALSHÖLL (I5200).....	13
GERVIGRASVÖLLUR VIÐ AUSTURBERG (I5411).....	13
SKÍÐASVÆÐI.....	14
SKÍÐASVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS (I6500, I6600, I6900).....	14
HENGILL (I6700)	14
ANNAÐ.....	14
HÁTÍÐARHÖLD 17. JÚNÍ (I8000)	14
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR (I8460)	14
BUNDIR LIÐIR.....	15
FRÍSTUNDAHEIMILI (I7100).....	15



Samantekt

Rekstarafkoma ÍTR 2003 er ekki í samræmi við væntingar sem yfirstjórn stofnunarinnar setti í upphafi árs. Endurskoðaður fjárhagsrammi stofnunarinnar fyrir árið var 2.402.478.000. Niðurstaða ársins varð 2.450.619.052. Halli ársins varð 48.141.052,- eða 2,0%.

Við uppgjör ársins 2002 voru frávik ársins flutt að hluta á viðkomandi kostnaðarstaði. Í samræmi við reglu um flutning milli ára sem gildi hjá ÍTR fengu kostnaðarstaðir að hámarki 5% af afgangi/halla flutt milli ára.

Eins og áður skera nokkrir starfsstaðir sig úr varðandi frávik frá ráðstöfunarheimildum. Þeir starfsstaðir sem sýna bestu afkomuna eru: Íþróttahús í Seljahverfi, Frístundamiðstöðin Tónabær, Frístundamiðstöðin Gufunesbær, Sumargrín, Hitt húsið og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.

Þeir starfsstaðir sem sýna lakari afkomu en vænst var eru: Skrifstofa ÍTR, sundlaugar, Ylströndin í Nauthólsvík, Gervigrasvöllurinn í Austurbergi, Frístundamiðstöðin í Frostaskjóli, Frístundamiðstöðin í Miðbergi og hátíðahöld 17. júní.

Nú er ljóst þegar rekstrarniðurstaða ársins 2003 liggur fyrir að fjárhagsáætlun 2004 verður tekin til endurskoðunar af hálfu ÍTR.



Rekstur ÍTR 2003

Árið 2003 var ÍTR úthlutað af borgarráði fjárhagsramma að fjárhæð 1.705.599.000. Á grundvelli þeirrar úthlutunar skiluðu ábyrgðarmenn kostnaðarstaða tillögum um útfærslu rammans og tilfærslur á fjármunum, beiðnum um breytingu á ramma og jafnvel endurskoðun á starfsemi. Í framhaldi af því var stillt upp endanlegri fjárhagsáætlun.

Við endurskoðun á fjárhagsramma ÍTR á árinu urðu breytingar á ramma stofnunarinnar vegna eftirfarandi þátta og breyttist áætlunin í samræmi við það;

Húsaleiga v/fasteignastofu	541.808.000
Fjölskyldu- og húsdýragarður - framkvæmdir	20.000.000
Yfirbyggt knattspyrnuhús	3.000.000
Golfvöllur á Korpúlfsstöðum	10.000.000
Lausafjárkaup inn í rekstrarramma	30.000.000
Frístundaheimili	13.000.000
Atvinnumál	73.816.000
Hitt húsið - vegna vinnumiðlunar	4.777.000
Ákvarðanir kjaranefndar	478.000
Breytingar á fjárhagsáætlun samtals	<u>696.879.000</u>

Fjárhagsáætlun ÍTR með styrkjum (bundnum liðum) fyrir árið 2003 var eins og áður segir 1.705.599.00,-. Endurskoðuð fjárhagsáætlun að teknu tilliti til aukafjárveitinga var samtals 2.402.478.000,-. Niðurstaða varð 2.450.619.052,- eða 48.141.052,- hærri en endurskoðuð fjárhagsáætlun 2003 (2,0%).

Áætlun vegna rekstrarútgjalda (brúttó án bundinna liða) áður en tekið var tillit til tekna 1.600.059.000 í endurskoðaðri áætlun 2.251.910.000 en urðu 2.421.622.681. Tekjur voru áætlaðar 547.460.000, í endurskoðaðri áætlun 547.460.000 en urðu 684.166.867.

Rekstraráætlun nettó (fjárhagsáætlun – án bundinna liða) var kr. 1.052.599.000. Endurskoðuð rekstraráætlun að teknu tilliti til aukafjárveitinga var 1.704.450.000. Rekstrarkostnaður varð 1.737.455.814 eða 33.005.814 hærri en endurskoðuð fjárhagsáætlun rekstrar (1,9%).

Fjárhagsáætlun vegna bundinna liða var 683.000.000. Endurskoðuð áætlun var 698.028.000. Niðurstaða varð 713.163.238. Frávik á bundnum liðum eru vegna frístundaheimilis, sjá nánar skýringar einstakra starfseininga síðar.

Flutningur fjármagns milli ára

Hjá ÍTR er í gildi sérregla varðandi yfirfærslu fjárheimilda á milli ára. Samkvæmt henni þá flytjast að hámarki 5% af fjárheimildum ársins að frádreginni innri leigu milli ára. Framsetning yfirfærslu á milli ára gengur út á að stilla saman áætlun ársins og að viðbættum afgangi/halla frá fyrra ári, og fæst þá út ráðstöfunarramma (ráðstöfunarheimild). Forstöðumenn verða að gera sér grein fyrir því að ekki er eingöngu hægt að horfa á fjárhagsáætlun, heldur verður líka að horfa á yfirfærslu og þann ráðstöfunarramma sem rekstur undangenginna ára hefur skapað.



Samtals eru 70 kostnaðarstaðir í ársreikningi ÍTR árið 2003. 37 þeirra eru með uppsafnaðan halla, og munu flytja hann með sér milli ára en þeir voru 32 árið 2002. Halli þeirra er mjög mismunandi, allt frá því að vera nokkur þúsund krónur í allt að 12,0 m.kr. Samtals nemur halli þessara kostnaðarstaða um 87,7 m.kr.

Fjöldi óbundinna liða sem var undir áætlun og skilar afgangi er á 26 kostnaðarstöðum en var 20 árið 2002. Þeir skila samtals 42,9 m.kr. í afgang.

Nettó uppsöfnuð frávik í árslok 2003 nema 44,2 m.kr.

Eins og áður hefur komið fram verður afgangur/halli fluttur að fullu á milli ára, en gert er ráð fyrir því að meta hvert tilvik fyrir sig með tilliti til forsenda fyrir frávikum.

Uppgjör sölustarfsemi

Uppgjör vörusölu á starfsstöðum ÍTR 2003

	Laugardals- laug	Vesturbæjar- laug	Sundhöll	IMA	Árbæjarlaug	IMG
Sala	11.026.340	1.233.381	660.514	3.861.797	18.392.445	11.196.942
Birgðir 1/1	1.453.919	160.362	132.448	307.318		269.840
Innkaup	7.726.765	879.202	394.935	2.614.634	12.716.684	7.723.437
Birgðir 31/12	-932.000	-246.750	-102.812	302.000	-657.579	-421.528
KSV	8.248.684	792.814	424.571	3.223.952	12.059.105	7.571.749
Álagning	2.777.656	440.567	235.943	637.845	6.333.340	3.625.193
Álagningar %	33,7%	55,6%	55,6%	19,8%	52,5%	47,9%
Álagningar % 02	41,8%	56,0%	36,9%	39,8%	41,5%	53,1%

	IMK	Laugardalshöll	Íþróttahús í Seljahverfi	Ylströnd	Fjölskyldu- og húsdýragarður
Sala	239.555	201.042	286.769	3.618.206	25.728.155
Birgðir 1/1	0	20.387	12.973	0	383.173
Innkaup	212.676	130.899	206.557	2.273.548	15.411.677
Birgðir 31/12		-27.182	-11.869	0	-1.581.427
KSV	212.676	124.104	207.661	2.273.548	14.213.423
Álagning	26.879	76.938	79.108	1.344.658	11.514.732
Álagningar %	12,6%	62,0%	38,1%	59,1%	81,0%
Álagningar % 02	2,8%	48,2%	23,6%	57,4%	75,4%



	Kostnaðar- staður	Tekjur	Launa- kostnaður	Annar rekstrar- kostnaður	Mismunur	Áætlun	Yfirfærsla	Til ráðstöfunar
Skíðasvæði								
Bláfjöll	I6500					26.693.000		26.693.000
Skálafell	I6600			5.319.732	5.319.732	20.738.000		20.738.000
Hengilssvæði	I6700	-3.302.400	9.315.920	8.158.115	14.171.635	10.048.000	153.523	10.201.523
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborg	I6900			46.200.000	46.200.000			
		-3.302.400	9.315.920	59.677.847	65.691.367	57.479.000	153.523	57.632.523
Miðlæg starfsemi								
Félagsstarf í hverfum	I3510	-1.244.000	4.024.668	5.890.168	8.670.836	8.724.000	-48.540	8.675.460
Námskeið fyrir fatlaða	I3720	-3.270.020	1.415.583	11.520.230	9.665.793	9.666.000	-617	9.665.383
Sumargrín	I3880	-1.738.120	5.662.056	7.892.232	11.816.168	12.847.000		12.847.000
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910	-104.660	1.570.657	11.285.340	12.751.337	12.781.000	-29.662	12.751.338
Hitt Húsið	I4000	-5.730.257	34.976.068	27.810.035	57.055.846	62.075.000	-481.700	61.593.300
Atvinnu- og forvarnarverkefni	I4005	-10.925.782	16.724.629	11.563.433	17.362.280	18.015.000	1.013.825	19.028.825
Típp Topp	I4006	-5.735.571	13.116.478	-1.359.510	6.021.397	8.081.000	-620.638	7.460.362
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	-4.940.743	11.427.225	13.803.591	20.290.073	18.189.000	-582.500	17.606.500
Laugardalshöll	I5200	-33.447.229	19.950.959	71.703.060	58.206.790	57.662.000	-2.124.321	55.537.679
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	-3.366.400	14.832.388	6.631.721	18.097.709	18.372.000	-792.111	17.579.889
Þjónustumiðstöð ÍTR	I5400	-8.908.004	9.126.164	16.159.904	16.378.064	14.321.000	1.201.826	15.522.826
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500		2.622.498	723.503	3.346.001	3.328.000	-160.500	3.167.500
Heilsuborgin Reykjavík	I5600	-1.637.642		4.695.769	3.058.127			
Þróunarverkefni	I7550	-261.823	8.311.546	2.384.044	10.433.767	10.791.000	-347.000	10.444.000
Menningartengd starfsemi (ÍTR)	I7600		349.285	6.302.735	6.652.020	7.114.000		7.114.000
Hátíðahöld 17. júní	I8000	-1.050.000	1.072.862	16.387.349	16.410.211	15.050.000	-801.000	14.249.000
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I8400	-96.257.183	100.340.647	55.694.350	59.777.814	59.263.000	4.105.073	63.368.073
Fjölskyldugarður - framkvæmdir	I8401		1.750.812	18.249.188	20.000.000	20.000.000		20.000.000
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	-17.885.666	12.581.884	17.301.944	11.998.162	20.542.000	-9.371.867	11.170.133
Langtímaveikindi og leyfi	I8461		19.907.041	30.000	19.937.041	20.814.000		20.814.000
Tölvu- og tæknimál	I8465	-17.180	6.173.672	424.808	6.581.300	7.190.000	-250.000	6.940.000
Lausafjárkaup	I8999			32.738.921	32.738.921	30.000.000	-2.843.993	27.156.007
Styrkir til æskulýðs- og íþróttam.	I9010			26.037.500	26.037.500	26.000.000	-119.450	25.880.550
Knattspyrnuhús yfirbyggt				1.242.441	1.242.441	3.000.000		3.000.000
Golfvöllur Korpúlfsstaðir				10.217.355	10.217.355	10.000.000		10.000.000
Húsaleiga borgarmannvirkja				117.834.840	117.834.840	117.833.000		117.833.000
		-196.520.280	285.937.122	493.164.951	582.581.793	591.658.000	-12.253.175	579.404.825
Styrkir								
Byggingastyrkir	I9300			80.248.050	80.248.050	80.000.000		80.000.000
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	I9310			27.000.000	27.000.000	27.000.000		27.000.000
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	757.781		515.230.919	515.988.700	516.000.000		516.000.000
Húsaleigu- og æfingastyrkir		-757.781		-515.230.919	-515.988.700	-516.000.000		-516.000.000
				107.248.050	107.248.050	107.000.000		107.000.000
Frístundaheimili	I71xx	-51.452.954	117.945.290	23.434.152	89.926.488	75.028.000		75.028.000
Æskulýðs- tómstunda- og íþróttamál samtals		-734.862.040	1.280.799.772	1.904.681.320	2.450.619.052	2.402.478.000	-11.820.896	2.390.657.104



Áhaldakaup

Fjárveiting til áhaldakaupa á árinu 2003 var 30.000.000. Niðurstaða varð 32.738.921. Halli frá fyrra ári var 2.843.933. Uppsafnaður halli er 5.588.914.

Meginástæðu halla á áhaldakaupum á árinu 2003 má rekja til verkefnisins rafrænt aðgöngukerfi líkt og undangengin tvö ára.

Afgangur af heimildum einstakra starfsstaða verður ekki fluttur á milli ára. Gjöld umfram áætlun verða aftur á móti endurkrafín ef rekja má ástæður frávíka til ákvarðana stjórnenda.

Skýringar á frávikum

Hér á eftir eru settar fram skýringar vegna þeirra kostnaðarstaða þar sem frávik eru frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Skýringar þessar eru byggðar á greinargerðum sem gerðar eru af ábyrgðarmönnum viðkomandi kostnaðarstaða.

Yfirstjórn

Skrifstofa (I2000)

Rekstrarkostnaður vegna skrifstofu var áætlaður 79.910.000,- Rekstraniðurstaða varð 86.046.582,- eða 6.136.582,- hærri en áætlað var (7,7%).

Í launaáætlun skrifstofu urðu þau mistök að orlof reiknaðist ekki af yfirvinnu sem skýrir 3 mkr. og auk þess var rangur grunnur notaður.

Kynningarmál (I2010)

Rekstrarkostnaður vegna kynningarmála var áætlaður 12.077.000,- Uppsafnaður halli var 950.000,-. Til ráðstöfunar var 11.127.000,-. Rekstraniðurstaða varð 11.577.234,- eða 450.234,- hærri en ráðstöfunarheimild (4%).

Atvinnumál skólafólks (I2050-I2051)

Rekstrarkostnaður vegna atvinnumála var áætlaður 90.748.000,- Rekstraniðurstaða varð 93.072.274,- eða 2.324.274,- hærri en áætlað var (2,6%).

Skýringar ábyrgðarmanns

- Ráðnir voru sjö ólympíufarar í eðlisfræði, sem ekki var gert ráð fyrir.
- Vegna skemmdarverka á sýningunni Jörðin séð frá himni voru 3 starfsmenn ráðnir til gæslu á næturnar sem ekki var gert ráð fyrir.



Æskulýðs og tómstundamál

Fjárhagsáætlun til starfsemi fyrir börn og unglinga var sett fram með sama hætti og árið 2002. Áætluninni var skipt upp í þrjár grunneiningar; frístundamiðstöð í hverjum borgarhluta, vetrarstarfsemi í hverfum og sumarstarf í hverfum. Líkt og árið 2002 sköpuðust nokkrir örðuleikar þegar greina átti kostnaðinn á viðkomandi liði og því eru kostnaðarstaðir gerðir upp þannig að um samandregnar niðurstöður er að ræða.

Borgarhluti 1 – Vesturbær (I3050, I3052, I3053)

Rekstrarkostnaður áætlaður 35.935.000. Uppsafnaður halli var 321.450. Til ráðstöfunar var 35.613.550. Rekstrarniðurstaða varð 37.935.924 eða 2.322.374 hærri en ráðstöfunarheimild (6,5%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Við útreikning á áætlun launatengdra gjalda var notuð röng prósentta
- Aukinn launakostnaður vegna sumarstarfs, auknar tekjur ná ekki að standa undir launum við aukið þjónustustig.
- Ráða þurfti inn afleysingarmann í sumarvinnu vegna tvöfalds orlofs verkefnisstjóra

Borgarhluti 2 – Austurbær (I3020, I3022, I3023)

Rekstrarkostnaður áætlaður 91.860.000. Uppsafnaður halli var 505.278. Til ráðstöfunar var 91.534.722. Rekstrarniðurstaða varð 87.800.152 eða 3.554.570 lægri en ráðstöfunarheimild (-3,9%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Auknar tekjur vegna stórra verkefna, t.d. Freestyle og Músíktílauna
- Þar sem sumarstarf í borgarhlutanum var samrekið í fyrsta sinn var hægt að auka tilboð og þannig þjónustustig sem skilaði góðum árangri.

Forstöðumaður hefur skilað inn tillögum um ráðstöfun afgangss.

Borgarhluti 3 – Breiðholt (I3010, I3012, I3013)

Rekstrarkostnaður áætlaður 79.078.000. Afgangur frá fyrri árum var 3.139.467. Til ráðstöfunar var 82.217.467. Rekstrarniðurstaða varð 83.654.049 eða 1.436.582 hærri en ráðstöfunarheimild (1,7%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Yfir sumarið var gerð tilraun með opið starf í félagsmiðstöðvum. Var gert ráð fyrir að hluti afgangss frá fyrra ári færi í að greiða þessa framkvæmd. Niðurstaðan varð að kostnaður varð rúm 700 þús kr, hærri en gert var ráð fyrir.
- Ofgreidd laun nema ca. 800 þús kr. sem verða endurkrafín árið 2004.

Borgarhluti 3 – Ársel (I3040, I3042, I3043)

Rekstrarkostnaður áætlaður 44.641.000. Uppsafnaður halli var 1.571.253. Til ráðstöfunar var 43.069.747. Rekstrarniðurstaða varð 44.137.759 eða 1.068.012 hærri en ráðstöfunarheimild (2,5%).



Borgarhluti 4 – Gufunesbær (I3090, I3092, I3093)

Rekstrarkostnaður áætlaður 71.376.000. Afgangur frá fyrri árum var 829.990. Til ráðstöfunar var 72.205.990. Rekstrarniðurstaða varð 69.631.581 eða 2.574.409 lægri en ráðstöfunarheimild (-3,6%).

Forstöðumaður hefur skilað inn tillögum um ráðstöfun afgangss.

Hitt húsið (I4000; I4005, I4006)

Rekstrarkostnaður áætlaður 88.171.000. Uppsafnaður halli var 88.513. Til ráðstöfunar var 88.082.487. Rekstrarniðurstaða varð 80.439.523 eða 7.642.964 lægri en ráðstöfunarheimild (-8,7%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Fyrirhugað var að ráðast í útgáfu á blaði, sem frestaðist fram yfir áramót
- Gerð var tilraun með að hafa eingöngu einn starfsmann í upplýsingamiðstöð á kvöldin í stað tveggja áður, en ljóst er að það fyrirkomulag gengur ekki upp.
- Tekjur vegna Eurodesk skiluðu sér fyrir inn en búist var við.

Forstöðumaður hefur skilað inn tillögum um ráðstöfun afgangss.

Íþróttamál

Á vormánuðum voru fjárhagsáætlanir sundstaða og íþróttamannvirkja sem þeim tengjast endurskoðaðar, með það í huga að sýna raunverulegan kostnað og tekjur. Breytingin leiddi til samtals 7 mkr. hækkunar á áætlunum staðanna en ekki var leitað samþykktar á henni. Þær fjárhæðir sem settar eru fram hér að neðan taka mið af samþykkttri áætlun. Í skýringum forstöðumanna er gengið út frá endurskoðaðri áætlun. Við skoðun á frávikum tekna og gjalda ber að hafa í huga að báðir þessir liðir voru hækkaður nokkuð við endurskoðun áætlunar.

Við endurskoðun á fjárhagsáætluninni var lögð áhersla á að setja forsendur fram með þeim hætti að unnið sé út frá magntölum þannig að unnt væri að gera samanburð á milli sambærilegra rekstrareininga.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2003 fyrir sundstaði.

	Tekjur	T-áætlun	Gjöld	G-áætlun	Endurskoðuð áætlun	Samþykktur rammi	Hækkun / -lækkun
I5000	103.087.000	103.175.000	198.998.000	194.878.000	95.911.000	91.703.000	4.208.000
I5010	49.092.000	48.440.000	69.421.000	70.044.000	20.329.000	21.604.000	-1.275.000
I5020	31.568.000	34.412.000	73.334.000	72.294.000	41.766.000	37.882.000	3.884.000
I5030	45.526.000	46.814.000	101.784.000	95.429.000	56.258.000	48.615.000	7.643.000
I5031	17.835.000	18.973.000	34.100.000	35.238.000	16.265.000	16.265.000	0
I5040	81.407.000	81.113.000	175.070.000	178.712.000	93.663.000	97.599.000	-3.936.000
I5050	55.919.508	45.742.000	168.570.508	158.443.000	112.651.000	112.701.000	-50.000
I5051	19.958.000	20.930.000	18.493.000	22.864.000	-1.465.000	1.934.000	-3.399.000
	<u>404.392.508</u>	<u>399.599.000</u>	<u>839.770.508</u>	<u>827.902.000</u>	<u>435.378.000</u>	<u>428.303.000</u>	<u>7.075.000</u>

Laugardalslaug (I5000)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 91.703.000,- Uppsafnaður halli var 1.484.900,-. Til ráðstöfunar var 90.218.100,-. Rekstrarniðurstaða varð 98.019.521,- eða 7.801.421,-



hærri en ráðstöfunarheimild (8,6%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 2.108.521,-(2,2%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 194.878.000,- en urðu 199.268.441,-. Heildartekjur voru áætlaðar 103.175.000,- en urðu 101.248.920,-. Endurskoðuð áætlun gjalda í Laugardalslaug er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 198.998.000

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Reikningar vegna skólasunds voru ekki sendir út fyrir maímánuð, alls 390 þús kr.
- Reikningar vegna skólasunds í Langholtsskóla voru ekki sendir út allt árið, alls 1,12 mkr.

Vesturbæjarlaug (I5010)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 21.604.000,-. Afgangur frá fyrri árum var 856.259,-. Til ráðstöfunar var 22.460.259,-. Rekstraniðurstaða varð 26.578.055,- eða 4.117.796,- hærri en ráðstöfunarheimild (18,3%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 6.249.055,-(30,7%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 70.044.000,- en urðu 72.903.241,-. Heildartekjur voru áætlaðar 48.440.000,- en urðu 46.325.186,-. Endurskoðuð áætlun gjalda í Vesturbæjarlaug er ekki í samræmi við útkomu eða 69.421.000

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Loka varð lauginni í 10 daga sem ekki var gert ráð fyrir.
- Vegna mistaka við málningu varð að loka og tæma laugina með tilheyrandi kostnaði.
- Aðsókn á haustmánuðum varð minni en undanfarin ár.
- Kostnaður vegna ræstingar eykst um 600.000,-
- Orkukostnaður eykst um 500.000,-
- Klór, sápa og kolsýra eykst um 470.000,- sem er bæði vegna akstursgjalds og svo vegna veðráttu og meiri umskipta vatns en gert var ráð fyrir.
- Kostnaður vegna tækjakaupa 2002 færður á 2003 um 450.000,-
- Umframkost. vegna hylkjaleigu, símagjöld, öryggis og fræðslunámsskeiða um 400.000,-

Sundhöll (I5020)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 37.882.000,-. Uppsafnaður halli var 739.500,-. Til ráðstöfunar var 37.142.500,-. Rekstraniðurstaða varð 43.555.125,- eða 6.412.625,- hærri en ráðstöfunarheimild (17,3%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 1.789.125,-(4,3%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 72.294.000,- en urðu 73.454.487,-. Heildartekjur voru áætlaðar 34.412.000,- en urðu 29.899.362,-. Endurskoðuð áætlun gjalda í Sundhöll er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 73.334.000.

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Gestafjöldi dróst saman um 7.111 miðað við fyrra ár
- Nýting tíma í skólasund var minni en gert var ráð fyrir

Breiðholtslaug (I5030)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 48.615.000,-. Uppsafnaður halli var 1.197.329,-. Til ráðstöfunar var 47.417.671,-. Rekstraniðurstaða varð 59.411.189,- eða 11.993.518,-



hærri en ráðstöfunarheimild (25,3%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 3.153.189,-(5,6%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 95.429.000,- en urðu 101.749.356,-. Heildartekjur voru áætlaðar 46.814.000,- en urðu 42.338.167,- Endurskoðuð áætlun gjalda í Breiðholtslaug er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 101.784.000

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Gestafjöldi dróst saman um 19.986 miðað við fyrra ár
- Ekki tókst að halda sama meðalverði á hvern gest
- Tekjur vegna skólasunds eru 342 þús kr. lægri en gert var ráð fyrir.

Árbæjarlaug (I5040)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 97.599.000,- Afgangur frá fyrrri árum var 2.145.613,-. Til ráðstöfunar var 99.744.613,-. Rekstraniðurstaða varð 97.241.462,- eða 2.503.151,- lægri en ráðstöfunarheimild (-2,5%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 3.578.462,-(3,8%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 178.712.000,- en urðu 176.574.250,-. Heildartekjur voru áætlaðar 81.113.000,- en urðu 79.332.778,- Endurskoðuð áætlun gjalda í Árbæjarlaug er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 175.070.000

Íþróttahúsið í Austurbergi (I5031)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 16.265.000,- Uppsafnaður halli var 391.265,- Til ráðstöfunar var 15.873.714,-. Rekstraniðurstaða varð 16.698.217,- eða 824.503,- hærri en ráðstöfunarheimild (5,2%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 35.238.000,- en urðu 34.233.605,-. Heildartekjur voru áætlaðar 18.973.000,- en urðu 17.535.388,- Endurskoðuð áætlun gjalda í IMA er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 34.100.000,-

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Þó svo að skólaárið hafi verið lengt lítillega þá hefur notkun íþróttahússins dregist saman
- Keypt var gólfþvottavél á árinu.

Grafarvogslaug (I5050)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 112.701.000,- Uppsafnaður halli var 3.114.516,-. Til ráðstöfunar var 109.586.484,-. Rekstraniðurstaða varð 111.587.597,- eða 1.929.449,- hærri en ráðstöfunarheimild (1,8%). Frávik frá endurskoðaðri áætlun nema 1.135.067,- (-1,0%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 158.443.000,- en urðu 170.528.669,-. Heildartekjur voru áætlaðar 45.742.000,- en urðu 59.012.736,- Endurskoðuð áætlun gjalda í Grafarvogslaug er ekki í samræmi við útkomu sem varð eða 168.570.508

Skýringar forstöðumanns:

- Kostnaður vegna orkukaupa ársins 2002 færðist að hluta á árið 2003
- Rekstur laugar fer um 11% fram úr áætlun, er það aðallega vegna aukinnar notkunar klórs og kolsýru, er um að ræða ófyrirséða hækkun á verði þessara



efna á árinu sem og kröfu Heilbrigðiseftirlitsins um aukið klórstig og tíðari endurnýjun vatns í lauginni.

Íþróttahúsið í Grafarvogi (I5051)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 1.934.000,- Afgangur frá fyrri árum var 3.394.590,- Til ráðstöfunar var 5.328.590,-. Rekstraniðurstaða varð -1.914.981,- eða 7.243.571,-, lægri en ráðstöfunarheimild (-35,9%).

Heildarrekstrargjöld voru áætluð 22.864.000,- en urðu 19.169.805,-. Heildartekjur voru áætlaðar 20.930.000,- en urðu 21.084.786,- Endurskoðuð áætlun gjalda í IMG er nokkuð nálægt þeirri útkomu sem varð eða 18.493.000,-

Íþróttamiðstöðin Klébergi (I5060)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 14.981.000,- Uppsafnaður halli frá fyrri árum var 439.490,- Til ráðstöfunar var 14.541.510,-. Rekstraniðurstaða varð 18.828.619,- eða 4.284.109,- hærri en ráðstöfunarheimild (29,5%).

Ekki hafa borist skýringar frá forstöðumanni.

Athugasemd

Rekstur Íþróttamiðstöðvarinnar Klébergs er mikið áhyggjuefni af hálfu ÍTR. Rekstrarkostnaður starfseminnar hefur vaxið mikið undanfarin ár, frá því að vera 10 mkr. 1999 í 18,8 mkr. 2003.

Ljóst er að ef ÍTR á að halda uppi því þjónustustigi sem kveðið er á í samkomulagi við sameiningu svcitarfélaganna 1998, verður að koma aukið fjármagn frá borgarsjóði.

Ylströnd í Nauthólsvík (I5080)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 18.189.000,- Uppsafnaður halli frá fyrri árum var 582.500,- Til ráðstöfunar var 17.605.500,-. Rekstraniðurstaða varð 20.290.073,- eða 2.683.574,- hærri en ráðstöfunarheimild (15,2%).

Skýringar forstöðumanns á frávikum eru eftirfarandi:

- Orkuveitan fór í fyrsta sinn að rukka fyrir notkun á bakvatni. Kostnaður vegna þessa nam 800 þús kr. sem ekki var gert ráð fyrir.
- Launakostnaður fór 1,4 mkr. fram úr áætlun.

Laugardalshöll (I5200)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 57.662.000,- Uppsafnaður halli frá fyrri árum var 2.124.321,- Til ráðstöfunar var 55.537.679,-. Rekstraniðurstaða varð 58.206.790,- eða 2.669.111,- hærri en ráðstöfunarheimild (4,8%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Tveir stórir viðburðir féllu niður, sem hefðu skilað um 4 mkr. í tekjur

Gervigrasvöllur við Austurberg (I5411)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 2.645.000,- Rekstraniðurstaða varð 5.985.340,- eða 3.340.340,- hærri en ráðstöfunarheimild (126,3%).

Skýringar forstöðumanns:

- Vegna endurbóta á vellinum var ekki hægt að leigja völinn út í 8 vikur.
- Orkunotkun fór verulega fram úr áætlun og miðað við reynslu undanfarinna ára þá margfaldaðist hún. Í nóvember kom uppgjörsreikningur fyrir árin 2001-2003 upp á 4.471.140,-



Skíðasvæði

Í upphafi árs 2003 var undirritaður þjónustusamningur milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur Bláfjalla og Skálafells. Í kjölfar þess var bókhald þeirra aðskilið bókhaldi ÍTR og er rekstur þeirra ekki hluti af ársreikningi ÍTR heldur er gerður sérstakur ársreikningur fyrir þau.

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins (I6500, I6600, I6900)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 47.431.000,- Rekstraniðurstaða varð 51.519.732,- eða 4.088.732,- hærri en áætlun (8,6%).

Halli Skálafells frá árinu 2002 var gerður upp, alls 5.319.732,-

Hengill (I6700)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 10.048.000,- Rekstraniðurstaða varð 14.171.635,- eða 4.123.635,- hærri en ráðstöfunarheimild (38,9%).

Skýringar forstöðumanns eru eftirfarandi:

- Í fjárhagsáætlun ársins var eingöngu gert ráð fyrir að rekstur svæðisins ætti að vera til máiloka, á árinu var tekin sú ákvörðun að framlengja samning um svæðið.
- Eigin kostnaður vegna innbrots nam 300.000,-

Annað

Hátíðarhöld 17. júní (I8000)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 15.050.000,- Uppsafnaður halli frá fyrri árum var 801.000,- Til ráðstöfunar var 14.249.000,-. Rekstrarniðurstaða varð 16.410.211,- eða 2.161.211,- hærri en ráðstöfunarheimild (15,2%).

Sameiginlegur kostnaður (I8460)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 20.542.000,- Uppsafnaður halli frá fyrri árum var 9.371.867,- Til ráðstöfunar var 11.170.133,-. Rekstrarniðurstaða varð 11.998.162,- eða 828.028,- hærri en ráðstöfunarheimild (7,4%).

Á þennan kostnaðarstað hefur verið færður ófyrirséður kostnaður sem tengist starfsemi ÍTR en ekki hefur verið gert ráð fyrir með beinum hætti innan neins kostnaðarstaðar. Afgangur/halli umfram 5% af áætlun hefur einnig verið færður hér samkvæmt reglu sem ÍTR setti sér.



Bundir liðir

Frístundaheimili (I7100)

Rekstrarkostnaður var áætlaður 75.028.000,- Rekstraniðurstaða varð 89.926.488,- eða 14.898.488,- hærri en áætlun (19,9%).

Skýringar ábyrgðarmanns eru eftirfarandi

- Með tilkomu frístundaheimila var gert ráð fyrir að þau fengju afnot af þeim búnaði sem nýttur hafði verið í skólanum fyrir fyrri starfsemi heilsdagsskóla, m.a. tölvubúnað. Þetta fékkst ekki á mörgum stöðum og varð að leggja út í kostnað vegna þessa. Alls var gjaldfærður stofnkostnaður 3,4 mkr. á haustmisseri
- Ekki var gert ráð fyrir kostnaði vegna starfsauglýsinga sem nam 503.674,-
- Þar sem ekki fékkst húsnæði undir frístundaheimili í Vesturbæjarskóla þurfti að leigja húsnæði að Vesturvallargötu 10-12, og nam kostnaður vegna ræstingar vegna þess alls 1.570.610,-, þar af um 700 þús kr. á haustmisseri.
- Ekki fékkst húsnæði undir frístundaheimili í Melaskóla, þurfti að leigja húsnæði af Skátafélaginu Ægisbúum, heildarkostnaður vegna þess nam kr. 1.145.900,-
- Kostnaður við að taka við börnum fyrr á daginn en gert var ráð fyrir nam um 5 mkr.
- Kostnaður vegna orlofs starfsmanna var ekki reiknað inní áætlun/útkomuspá, en hann nam um 3 mkr. á haustmisseri
- Kostnaður vegna stuðnings við börn með sérþarfir varð meiri en gert var ráð fyrir.
- Vegna erfiðleika með að manna nokkur frístundaheimili varð að ráða fólk á óhentugar vaktir, m.a. í 10% starfshlutfall.
- Ljóst er að nokkuð mikið vanmat var í upphafi á stjórnunarkostnaði og kostnaði við innheimtu.